

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 26. maí 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-2/2016:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 15. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á leðursófa, sem hún keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum á sófanum verði rift.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 19. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 2. febrúar. Hinn 21. janúar óskaði seljandi eftir frekari fresti til að skila andsvörum og var sá frestur veittur til 10. febrúar. Hvorki andsvör né frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 23. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að á árinu 2012 keypti álitsbeiðandi tungusófa með áklæði úr ekta nautsleðri af seljanda. Var fullt verð sófans kr. 525.000, en álitsbeiðandi fékk sófan á niðurstettu verði, kr. 367.000. Í byrjun desember 2013 segist álitsbeiðandi hafa farið í verslun seljanda og þar komið því á framfæri að leðrið í sófanum væri sennilega gallað og saumar farnir að trosna upp. Bað starfsmaður seljanda álitsbeiðanda um að senda myndir af sófanum og var það gert hinn 5. desember 2013. Segist álitsbeiðandi í kjölfarið ítrekað hafa haft samband til að fá svör um framhaldið, en allt komið fyrir ekkert. Álitsbeiðandi hafi engu að síður lofað að gera eitthvað í málinu en ekkert gerst. Í desember 2015 hafi seljandi síðan sagt álitsbeiðanda að framleiðandi sófans vildi ekkert gera í málinu. Segist álitsbeiðandi ekki sætta sig við þá niðurstöðu og krefst þess að kaupunum verði rift.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda og seljanda, sem og myndir af umræddum sófa.

#### **IV**

##### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitsbeiðandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi tungusófa með leðuráklæði af seljanda á árinu 2012 fyrir kr. 367.000. Í desember 2013 segist álitsbeiðandi hafa kvartað undan galla á leðri sófans við seljanda og er sú frásögn staðfesti með tölvupósti sem fylgdi álitsbeiðni og er

dagsettur 5. desember 2013. Fylgir álitsbeiðni töluvert af tölvupóstsamskiptum, sem að mestu eru á einn veg, þ.e. að álitsbeiðandi óskar ítrekað eftir svörum og afstöðu seljanda til póstsins sem álitsbeiðandi sendi honum 5. desember 2013. Svar barst frá seljanda hinn 21. desember þar sem hann tekur fram að framleiðandi vilji ekki bera ábyrgð á sófanum. Sem fyrr greinir krefst álitsbeiðandi riftunar á kaupunum.

Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um tímafresti neytenda til að bera fyrir sig galla á söluhlutum. Er sá frestur í fyrsta lagi, skv. 1. mgr. 27. gr., aldrei styttri en tveir mánuðir, frá því álitsbeiðandi varð galla var og skv. 2. mgr. sömu greinar getur neytandi borið fyrir sig galla á söluhlut í allt að 2 ár frá afhendingu. Ekkert bendir til annars en að álitsbeiðandi hafi kvartað undan galla við seljanda nægjanlega snemma eftir að hún varð gallans vör skv. 1. mgr. 27. gr. og eins var kvartað innan 2 ára frá afhendingu sófans skv. 2. mgr. sömu greinar.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.” Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.” Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða” eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Af frásögn álitsbeiðanda og myndum af sófanum að dæma verður að telja að hann sé haldinn galla í skilningi 16. gr., sbr. 15. gr. sömu laga. Þá bendir ekkert til þess að sá galli sé sök álitsbeiðanda.

Er það því álit kærunefndarinnar að nægilega sé í ljós leitt að leðursófi sá er álitsbeiðandi keypti af seljanda sé gallaður. Göllunum er þannig háttað að telja verður töluverðar líkur á að þeir eigi eftir að aukast að umfangi. Verða gallarnir þannig að teljast verulegir.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut. Álitsbeiðandi kveðst gera þær kröfur á hendur seljanda að hún fái sófann endurgreiddan, þ.e. að kaupunum verði rift. Kröfugerð álitsbeiðanda rúmast innan ákvæða 26. gr. laga nr. 48/2003, en samkvæmt þeirri lagagrein getur neytandi einnig krafist afsláttar. Álitsbeiðandi greiddi kr. 367.000 fyrir sófann við kaup hans árið 2012. Kærunefndin álítur að álitsbeiðandi eigi rétt á því, þar sem telja verður gallana ekki óverulega, að rifta kaupunum og að fá kaupverðið endurgreitt, sbr. d. lið 1. mgr. 26. gr. og 32. gr. laga nr. 48/2003. Í þessu tilviki ber álitsbeiðanda að skila seljanda sófanum. Við endurgreiðslu kaupverðs ætti að taka tillit til þess að álitsbeiðandi hefur haft not af sófanum sem ber að meta seljandanum til tekna til frádráttar fjárhæð endurgreiðslunnar, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 48/2003. Á móti kemur að seljanda ber að greiða vexti af þeim hluta kaupverðsins sem endurgreiddur er, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Miðað við að álitsbeiðandi hefur haft veruleg not af sófanum álítur nefndin að hæfileg endurgreiðsla til hans sé kr. 200.000 og er þá gert ráð fyrir að vextir skv. 50. gr. laga nr. 48/2003 séu innifaldir í þeirri fjárhæð. Þá er það álit kærunefndarinnar að álitsbeiðandi eigi rétt á afslætti af kaupverðinu samkvæmt ákvæðum c. liðar 26. gr., sbr. 31. gr. laga nr. 48/2003, kjósi hún ekki að rifta kaupunum.

**VI**

**Álitsorð**

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 200.000. gegn skilum á sófa þeim er hún keypti af álitsbeiðanda á árinu 2012.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir